

30. apríl 2019 að Víkurbraut 62, kl. 14:00

Mætt voru:

Kjartan Fr. Adólfsson (bæjarskrifstofur) – formaður

Örn Sigurðsson (Grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (Grunnskólinn)

Ólafur Sigurberg Hafsteinsson (Túngata 15-17)

Þórhildur Rut Einarsdóttir (Íþróttamiðstöð),

Baldur Pálsson (Þjónustumiðstöð).

1. Nýjir nefndarmenn.

Íþróttamiðstöðin hefur skipað Þórhildi Rut Einarsdóttur sem nýjan fulltrúa í vinnuverndarnefnd.

Einnig hefur þjónustumiðstöð skipað nýjan fulltrúi, en Baldur Pálsson kemur nýr inn í stað Sigurðar R. Karlssonar.

Þórhildur og Baldur eru boðin velkomin til starfa.

2. ICE neyðarnúmeraskráning í farsíma.

Rætt var um í framhaldi af umræðum á síðasta fundi nefndarinnar um „útkallslista“ hvort nefndin ætti að beina því til forstöðumanna stofnanna Grindavíkurbæjar, að hvetja starfsfólk til að skrá svokallað ICE-neyðarnúmer í farsíma síma.

ICE (in case of emergency) númer eru talin geta flýtt mjög fyrir því að sjúkraflutningamenn og aðrir viðbragðsaðilar geti haft samband við náin aðstandenda ef slys eiga sér stað, ekki síst ef fólk er á ferð erlendis.

Nefndarmenn voru sammála um að slík hvatning gæti verið hluti af stærri kynningu á ICE númerunum.

3. Ljósleiðari-símamál í íþróttamiðstöð.

Ábendingar hafa komið fram um að nettengingar í íþróttamiðstöð séu alls ekki viðunandi. Ítrekaðar truflanir á netsambandi valda því að öryggismyndavélar virka ekki sem skyldi, og dæmi eru um að truflanir hafi einnig valdið því að húsið hafi verið símasambandslaust.

Nefndarmenn voru sammála um að þetta væri ekki ásættanlegt ástand. Þar sem símkerfi og myndavélar eru nettengdar getur slíkt sambandsleysi haft talsverð áhrif á viðbragðstíma í óhöppum.

Einnig getur slíkt ástand verið streituvaldandi fyrir starfsfólk og valdið auknu álagi.

Upplýsingar hafa borist um, að verið sé að vinna í úrlausn á nettengingum, sem vonandi verður komið í lag hið fyrsta.

4. Áhættumat.

Rætt var um nauðsyn þess að uppfæra elri áhættumöt, og gerð nýrra þar sem þeim væri ekki lokið.

5. Útkallslisti.

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi, var rætt um að skoða hvort æskilegt væri að samræma útkallslista á stofnunum bæjarins. Þar sem fram koma tvö nöfn tengiliða, sem starfsmaður vill að haft verði samband við ef óvæntar aðstæður ber að garði.

6. Útkallslisti.

Rætt var um að beina því til stofnana bæjararins að útbúin verði „útkallslisti“ fyrir hverja stofnun fyrir sig. Á þessum lista yrðu nöfn tveggja tengiliða, sem starfsmaður vildi að haft yrði samband við ef óvæntar aðstæður bæri að garði. Umræður sköpuðust um hugsanleg brot á persónuverndarlögum með slíkum listum, t.d. hver eða hverjir hefðu aðgang að honum og einnig hvar slíkur listi mætti vera staðsettur. Ákveðið var að leita upplýsinga hjá persónuverndarfulltrúa.

7. Önnur mál.

Ólafur ræddi hvort ekki væri ástæða til að yfirfara og uppfæra eldri viðbragðsáætlanir við náttúruvá.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 15.00.

Næsti fundur verður haldinn 4. júní 2019 kl. 14.